



17. nóvember 2015

Upplýsingar frá velferðarráðuneyti í tilefni aðgerða fatlaðra kvenna í Tabú og Kvennahreyfingu Öryrkjabandalags Íslands

1. Stýrihópur þriggja ráðuneyta um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess vinnur að gerð aðgerðaáætlunar. Þar verður áhersla lögð á aðgerðir gegn ofbeldi gegn fötluðu fólki og samráð haft við hagsmunasamtök við það verk.
2. Verið er að skipa nefnd til að fara yfir orlofsmál fatlaðs fólks með þátttöku hagsmunasamtaka fatlaðra.
3. Velferðarráðuneytið mun senda skriflega fyrirspurn til allra sveitarfélaganna um hver aðkoma þeirra sé að sumarorlofsdvalarmálum fatlaðs fólks.
4. Unnið er skipulega að því að fylgja eftir aðgerðum í gildandi framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks og ný áætlun er í smíðum.
5. Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur styrkt Geðsvið Landspítalans og Sjúkrahúsið á Akureyri til að ráða sérfræðinga til að veita áfallahjálp í kjölfar ofbeldis.
6. Stígamót hafa fengið sérstakt framlag til að ráða sérfræðing til að veita fötluðu fólki ráðgjöf og stuðning vegna kynferðisofbeldis.
7. Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur tekið ákvörðun um veitingu fjármagns til þess að gera starfsfólki Barnahúss kleift að sækja menntun og þjálfun í því að veita fötluðum börnum sem grunur leikur á að hafi þolað ofbeldi sérhæfða þjónustu. Starfsfólk Barnahúss ásamt forstjóra Barnaverndarstofu vinna nú að því að útfæra tillögur um framkvæmd þessa verkefnis.
8. Í réttindavakt velferðarráðuneytis sitja fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og starfa réttindagæslumenn um allt land á hennar vegum við að aðstoða fatlað fólk við að gæta réttar síns. Hafa störf réttindagæslumanna bæði á Suðurlandi og Vesturlandi leitt til bættra vinnubragða við rannsókn ofbeldismála gegn fötluðu fólki. Réttindagæslumenn heimsækja heimili fatlaðs fólks í sértækum búsetuúrræðum og kynna íbúunum hlutverk sitt og kynna sér viðhorf starfsfólks og koma með ábendingar ef þurfa þykir.



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

9. Á grundvelli framkvæmdaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks, fyrir árin 2015-2017, starfar sérfræðingahópur um mismunun og kynbundið ofbeldi gegn fötluðu fólki. Unnið er að skýrslu þar sem safnað er saman þekkingu og rannsóknum á Norðurlöndum um aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun og ofbeldi.
10. Rannsóknarsetri í fötlunarfræðum verður veittur styrkur til að fylgja eftir skýrslunni um ofbeldi gegn fötluðum konum. Skýrslunni hefur verið dreift til réttindagæslumanna. Réttindagæslan bindur vonir við frekara samstarf við þá sem að skýrslunni stóðu.
11. Í vinnslu er fræðsluefni til starfsfólks félagsþjónustu sem verður aðgengilegt á vefnum í upphafi næsta árs.
12. Ráðuneytið mun styrkja gerð fræðsluefnis um kynfræðslu til fatlaðs fólks